

L ö g

um

21
19. júní.

að veita ríkinu einkarjett til þess að selja alt silfurberg, sem unnið verður á Íslandi.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur.
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ríkið skal eitt hafa einkarjett til þess að selja alt það silfurberg, sem unnið er eða unnið verður á Íslandi.

2. gr.

Stjórnarráðið gerir allar ráðstafanir, sem lúta að því að neyta þessa einkarjettar og varðveita hann. Skal það semja og birta fyrirsögn um vinslu og sölu silfurbergs, með aðstoð sjerfræðings eða sjerfræðinga, og ákveða sektir og aðrar refsingar fyrir brot og óhlýðni.

3. gr.

Lög þessi ganga þegar í gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 19. júní 1922.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Kl. Jónsson.